

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris, aldursviðbót og vinnsla persónuupplýsinga).

Frá félags- og húsnæðismálaráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

1. gr.

Við 14. tölul. 2. gr. laganna bætist ný málslíður, svohljóðandi:
Þjónustuaðilar samkvæmt lögum þessum eru Tryggingastofnun, VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður, félagsþjónusta sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og heilbrigðisstofnanir.

2. gr.

11. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Á eftir 21 gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Aldursviðbót ellilífeyrisþega.

Hafi ellilífeyrisþegi uppfyllt skilyrði aldursviðbótar skv. 29. gr. fram til ellilífeyrisaldurs skal viðkomandi áfram eiga rétt á aldursviðbót skv. 2. mgr. 29. gr. og bætist aldursviðbótin þá við fjárhæð ellilífeyris.

Samanlögð fjárhæð ellilífeyris og aldursviðbótar skal lækka um 45% af tekjum lífeyrisþega umfram frítekjumörk í samræmi við þá reglu sem fram kemur í 21. gr., sbr. einnig 22. gr. Um útreikning á fjárhæð aldursviðbótar vegna réttindahlutfalls fer skv. 16. og 18. gr.

5. gr.

Í stað tölunnar „438.000“ í 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: 720.000.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Þjónustuaðilar og aðilar sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila skulu miðla upplýsingum um veitta þjónustu inn í þjónustugáttina.

b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Tryggingastofnun skal starfrækja upplýsingakerfi samhæfingarteyma í þjónustugátt í þeim tilgangi að skipuleggja fyrirtöku og afgreiðslu mála. Í kerfið skulu skráðar upplýsingar um starfsemi samhæfingarteyma, svo sem um vísun mála til samhæfingarteyma og ástæðu þess, dagskrá funda, fyrirtöku og niðurstöðu mála auk þess sem skrá skal samantekt upplýsinga um einstaklinga sem nauðsynlegar eru svo samhæfingarteymin geti komist að niðurstöðu. Meðal þeirra upplýsinga sem skráðar skulu í upplýsingakerfi samhæfingarteyma eru upplýsingar um heilsufar, félagslegar aðstæður, vinnusögu og þá meðferð og endurhæfingu sem einstaklingar hafa fengið. Þessar upplýsingar skulu varðveittar í skrám í gagnagrunnum Tryggingastofnunar og gerðar aðgengilegar viðeigandi samhæfingarteymi í upplýsingakerfinu. Aðrar upplýsingar skulu þó ekki geymdar í skrám Tryggingastofnunar heldur hjá hlutaðeigandi þjónustuaðila og gerðar aðgengilegar í gegnum þjónustugátt, sbr. 1. mgr. 55. gr. a.

Tryggingastofnun skal halda skrá á landsvísu með upplýsingum frá þjónustuaðilum og aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila um framvindu viðurkenndrar meðferðar og endurhæfingar einstaklinga óháð því hvort viðkomandi hafi sótt um eða fái greiðslur frá Tryggingastofnun. Tilgangur skrárinnar er að afla þekkingar um þá þjónustu sem veitt er af framangreindum aðilum og árangur þjónustunnar. Tryggingastofnun skal einnig, í samráði við ráðherra og ráðherra heilbrigðismála, vinna upplýsingar úr skránni til notkunar við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytanna. Tryggingastofnun er heimilt að vinna með persónugreinanleg gögn í fyrrnefndri skrá, þ.m.t. áætlanir og staðfestingar á meðferð og endurhæfingu sem veitt er af þjónustuaðilum eða af aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila. Persónuauðkenni í skránni skulu dulkóðuð.

Ráðherra skal setja reglugerð þar sem fram koma nánari reglur um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

c. Við fyrirsögn ákvæðisins bætist: *og vinnsla persónuupplýsinga.*

7. gr.

Í stað orðanna „Þá skulu Tryggingastofnun og þjónustuaðilar“ í 2. mgr. 51. gr. laganna kemur: Þjónustuaðilar og þeir aðilar sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila skulu.

8. gr.

Orðin „stjórn Tryggingastofnunar og“ í 2. mgr. 54. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. a laganna:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr.:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl.:

a. Í stað orðanna „þjónustuaðila sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu“ kemur: aðra þjónustuaðila um samhæfingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis, m.a.

b. Orðin „sem þurfa þjónustu fleiri en eins aðila“ falla brott.

2. Eftirfarandi breytingar verða á 2. málsl.:

a. Í stað orðanna „samningi sem tilgreindir“ kemur: samstarfssamningi sem.

b. Í stað orðsins „samstarf“ kemur: samvinnu.

c. Í stað orðsins „þjónustuaðila“ kemur: kerfa.

3. Á eftir 2. málsl. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Tryggingastofnun skal leiða starfsemi samhæfingarteyma.

- b. Í stað orðanna „aðilanna og stofnunarinnar“ í 2. mgr. kemur: kerfanna og Tryggingastofnunar.
- c. Orðið „við“ í fyrirsögn greinarinnar fellur brott.

10. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögumum bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. skal lífeyrisþegi hafa almennt frítekjumark sem nemur 498.000 kr. árið 2026 og 558.000 kr. árið 2027. Fjárhæð framangreindra frítekjumarka fyrir árin 2026 og 2027 skulu taka launa- og verðlagsbreytingum í samræmi við fjárlög hverju sinni, sbr. 62. gr.

II. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

11. gr.

Í stað 2. mgr. 35. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Heilbrigðisstofnanir sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu, skulu eiga samstarf við aðra þjónustuaðila um samhæfingu þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis. Heilbrigðisstofnanirnar skulu eiga aðild að samstarfssamningi sem þjónustuaðilar skulu gera um samstarf sín á milli, þar á meðal um starfsemi samhæfingarteyma, svo sem hvenær málum skuli vísað til slíkra teyma, og hvernig ábyrgð á máli færist á milli einstakra kerfa.

Til að heilbrigðisstofnunum sé unnt að gegna skyldum sínum skv. 2. mgr. skulu stofnanirnar, þegar það á við, gera nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar öðrum þjónustuaðilum í gegnum sameiginlega þjónustugátt kerfanna og Tryggingastofnunar, sbr. 28. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, þ.m.t. þær sem viðkvæmar geta talist, svo sem heilsufarsupplýsingar, og upplýsingar um félagslegar aðstæður þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni. Heilbrigðisstofnun ber að upplýsa hlutaðeigandi einstaklinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

III. KAFLI

Gildistaka og breyting á öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 5. gr. gildi 1. janúar 2028.

13. gr.

Breyting á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020: Í stað „36.500 kr. almennt frítekjumark á mánuði“ í 2. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: almennt frítekjumark ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar.

*Greinargerð.***1. Inngangur.**

Flestar þær breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir hafa áður verið lagðar fram á Alþingi í frumvarpi til laga um breytingu á lögum

um almannatryggingar og lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga (aldursviðbót, launavísitala og tölfræðiupplýsingar) á 156. löggjafarþingi, sjá þskj. 291, 259. mál, en Alþingi lauk ekki afgreiðslu þess á því þingi. Í því frumvarpi sem hér um ræðir eru til viðbótar lagðar til breytingar á fyrrnefndum lögum sem ekki hafa verið lagðar fram áður, svo sem hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris sem og breytingar í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og aðgang að þjónustugátt Tryggingastofnunar, auk þess sem frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 segir m.a. að á kjörtímabilinu verði bundið í lög að aldursviðbót á lífeyri öryrkja haldist ævilangt og að almennt frítekjumark ellilífeyris hækki í skrefum upp í 60 þúsund krónur á mánuði. Frumvarp þetta er lagt fram er í samræmi við framangreint.

Samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar greiðist aldursviðbót þeim örorkulífeyrisþegum og hlutaörorkulífeyrisþegum sem uppfylla skilyrði fyrir henni og hafa haft skert tækifæri til að ávinna sér réttindi í lífeyrissjóðakerfinu. Aldursviðbótin fellur niður þegar einstaklingur nær ellilífeyrisaldri. Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar hvað þetta varðar í því skyni að tryggja að fyrrnefndir einstaklingar njóti áfram stuðnings þegar þeir ná ellilífeyrisaldri sem jafnar stöðu þeirra í samanburði við þá sem hafa áunnið sér lífeyrisréttindi í gegnum lífeyrissjóðakerfið þegar þeir ná ellilífeyrisaldri.

Í frumvarpinu er jafnframt lagðar til breytingar í tengslum við almennt frítekjumark ellilífeyrisþega þannig að þeir geti haft hærri tekjur en áður án þess að ellilífeyrisgreiðslur úr almannatryggingakerfinu lækki. Jafnframt þykir mikilvægt að tryggja að almennt frítekjumark félagslegs viðbótarstuðnings aldraðra fylgi almennu frítekjumarki ellilífeyrisþega og er því í frumvarpinu einnig gert ráð fyrir breytingu á lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020, í því sambandi.

Enn fremur þykir mikilvægt að gera tilteknar breytingar á lögum um almannatryggingar sem og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, í tengslum við framkvæmd á nýju örorku- og endurhæfingarkerfi sem tók gildi 1. september 2025, svo sem í því skyni að tryggja skýrari lagastoð fyrir vinnslu og miðlun persónuupplýsinga sem og tölfræðivinnslu í tengslum við framkvæmd á nýju örorku- og endurhæfingarkerfi.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarps þessa er að hækka almennt frítekjumark ellilífeyris í áföngum á yfirstandandi kjörtímabili og að aldursviðbót örorkulífeyrisþega, sem fær greidda slíka viðbót, falli ekki niður þegar viðkomandi nær ellilífeyrisaldri. Í frumvarpinu er þannig leitast við að bæta stöðu þeirra sem voru ungir metnir til örorku og eiga engin eða mjög takmörkuð atvinnutengd réttindi til ellilífeyris úr lífeyrissjóðum þannig að framfærsla viðkomandi lækki ekki um það sem nemur aldursviðbótinni við það eitt að viðkomandi hefur töku ellilífeyris.

Enn fremur er það meginefni frumvarpsins að auka skýrleika laga um almannatryggingar og laga um heilbrigðisþjónustu í tengslum við vinnslu og miðlun persónuupplýsinga sem og tölfræðivinnslu í tengslum við framkvæmd á nýju örorku- og endurhæfingarkerfi. Jafnframt er lagt til að ekki eingöngu heilsugæslustöðvar heldur allar heilbrigðisstofnanir sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga teljist þjónustuaðilar í skilningi laga um almannatryggingar og taki þannig þátt í samstarfi við aðra þjónustuaðila um samhæfingu

þjónustu, þ.m.t. í starfsemi samhæfingarteyma sem starfa á grundvelli laga um almannatryggingar.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi að stjórn sé skipuð yfir Tryggingastofnun.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarp þetta þykir ekki fela í sér álitæfni sem kalla á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarp þetta er samið í félags- og húsnæðismálaráðuneytinu í samráði við Tryggingastofnun sem fer með framkvæmd laga um almannatryggingar. Ákvæði um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu var unnið í samráði við heilbrigðisráðuneytið. Þá voru ákvæði í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga unnin í samráði við dómsmálaráðuneytið. Áform um frumvarpið voru kynnt öðrum ráðuneytum í hefðbundnu innra samráði milli ráðuneyta. Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is frá og með xxx og var veittur frestur til og með xxx til að veita umsagnir um áformin (mál nr. S-xxx).

6. Mat á áhrifum.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum er gert ráð fyrir að það muni hafa jákvæð fjárhagsleg áhrif hjá ellilífeyrisþegum sem fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu og hækkun almenns frítekjumarks hefur áhrif á og/eða viðkomandi uppfyllir skilyrði fyrir greiðslu aldursviðbótar.

Kostnaður ríkissjóðs við að ellilífeyrisþegar, sem áður fengu eða uppfylltu skilyrði fyrir aldursviðbót með örorkulífeyri, fái aldursviðbót líkt og gert er ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins hefur verið metinn um 300 m.kr. á ári frá 1. janúar 2026. Þá hefur kostnaður ríkissjóðs við hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris í 60.000 kr. á mánuði verið metinn um 5,6 ma.kr. á ári eftir að breytingin verður að fullu komin til framkvæmda 1. janúar 2028 en gert er ráð fyrir að hækkunin komi í þrepum á yfirstandandi kjörtímabili. Gert er ráð fyrir að sambærileg hækkun á frítekjumarki félagslegs viðbótarstuðnings við aldraða rúmist innan framangreinds kostnaðarmats. Miðað við framangreint má gera ráð fyrir að útgjaldaaukning ríkissjóðs gæti orðið allt að 5,9 ma.kr. á ári verði frumvarpið óbreytt að lögum. Frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun á greiðslum almannatrygginga til ellilífeyrisþega sem greiða skatt og vænta má að tekjuskattur og útsvar sé greitt af fjárhæðinni. Útgjaldaaukningin verður í formi skattskyldra tekna einstaklinga sem nú þegar fullnýta persónuafslátt og því ættu skatttekjur af útgjaldaaukningunni að skila sér til ríkis og sveitarfélaga.

Konur eru fjölmennari en karlar í hópi þeirra sem fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu og eru þær að jafnaði með lægri ævitekjur en karlar. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun fengu 22.369 konur greiddan ellilífeyri úr almannatryggingakerfinu í mars 2025 en 18.577 karlar. Í sama mánuði fengu 11.726 konur greiddan örorkulífeyri en 7.472 karlar og konur voru einnig hátt í tvöfalt fleiri en karlar í hópi þeirra sem fengu greiddan endurhæfingarlífeyri í umræddum mánuði eða 3.312 á móti 1.899 körlum. Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum mun það því hafa áhrif á fleiri konur en karla.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á 28. gr. laga um almannatryggingar um vinnslu og miðlun persónuupplýsinga sem og tölfræðivinnslu í tengslum við framkvæmd á nýju örorku- og endurhæfingarkerfi. Fyrir liggur að vinnsla persónuupplýsinga í

tölfræðilegum tilgangi er talin lykill að því lögbundna markmiði að tryggja nauðsynlega og heildstæða yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarpjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma. Breytingunni er ætlað að tryggja að haldið sé utan um slíkar upplýsingar miðlægt þannig að þær geti nýst til þess að stuðla að því að einstaklingar fái rétta endurhæfingarpjónustu, á réttum stað og á réttum tíma.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að nýjum málslíð verði bætt við 14. tölul. 2. gr. gildandi laga um almannatryggingar þar sem hugtakið „þjónustuaðilar“ verði skýrt. Er þannig gert ráð fyrir að í ákvæðinu verði kveðið á um að Tryggingastofnun, VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður, félagsþjónusta sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og heilbrigðisstofnanir teljist þjónustuaðilar í skilningi laganna.

Er þetta lagt til þar sem í nýju endurhæfingar- og örorkulífeyriskerfi, sem tók gildi 1. september 2025, er gert ráð fyrir víðtæku samstarfi þjónustuaðila sem felur meðal annars í sér vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga einstaklinga í svokallaðri þjónustugátt. Þykir því mikilvægt að tilgreina með tæmandi hætti í lögum um almannatryggingar hvaða aðila er um að ræða.

Um 2. gr.

Í 11. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að ráðherra skuli skipa stjórn Tryggingastofnunar auk þess sem í ákvæðinu er nánar kveðið á um störf stjórnarinnar. Hér er lagt til að horfið verði frá því fyrirkomulagi að stjórn sé skipuð yfir Tryggingastofnun. Stjórnir stofnana sem heyra beint undir ráðherra þykja almennt hafa óljósa stöðu og hlutverk og bent hefur verið á að hætta sé á óljósum ábyrgðarskilum stjórnar og forstöðumanns stofnunar. Þá hafa í stjórnsýsluúttektum Ríkisendurskoðunar á stofnunum sem heyra undir yfirstjórn ráðherra reglulega komið fram athugasemdir við skipan slíkra stjórna á þeim grundvelli að stjórnskipuleg staða þeirra sé oft ekki nógu skýr. Í ljósi framangreinds er hér lagt til að 11. gr. laganna falli brott.

Um 3. gr.

Í 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að í erindisbréfi ráðherra til forstjóra Tryggingastofnunar skuli kveðið á um samskipti forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Hér er lagt til að fyrrnefndur 2. málsl. 3. mgr. 12. gr. laganna falli brott. Er það lagt til í ljósi þeirrar breytingar á lögum um almannatryggingar sem 2. gr. frumvarps þessa gerir ráð fyrir þess efnis að ekki verði lengur skipuð stjórn Tryggingastofnunar.

Um 4. gr.

Í 29. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að aldursviðbót greiðist þeim sem fá greiddan örorkulífeyri skv. 24. gr. eða hlutaörorkulífeyri skv. 25. gr. og hafa haft verulega skert tækifæri til að ávinna sér réttindi í lífeyrissjóðakerfinu. Þetta á einkum við um þá einstaklinga sem fæðast fatlaðir eða missa snemma á lífsleiðinni getu til virkni á vinnumarkaði. Full aldursviðbót samkvæmt gildandi lögum greiðist þannig til öryrkja sem voru 18–24 ára þegar annaðhvort skilyrði fyrir sjúkra- og endurhæfingargreiðslum voru fyrst uppfyllt eða þegar niðurstaða samþætts sérfræðimats lá fyrst fyrir um að geta til virkni á vinnumarkaði væri 50% eða minni. Fjárhæð aldursviðbótar lækkar um 5% fyrir hvert ár eftir

það og greiðist aldursviðbót ekki hafi umsækjandi fyrst uppfyllt framangreind skilyrði við 44 ára aldur eða síðar. Aldursviðbótinni er þannig ætlað að veita þeim stuðning sem þurfa að hefja töku örorkulífeyris ungir að árum. Samkvæmt gildandi lögum fellur aldursviðbótin niður þegar einstaklingur nær ellilífeyrisaldri.

Hér er lagt til að hafi ellilífeyrisþegi uppfyllt skilyrði aldursviðbótar örorkulífeyrisþega eða hlutaörorkulífeyrisþega skv. 29. gr. fram til ellilífeyrisaldurs skuli viðkomandi áfram eiga rétt á aldursviðbót skv. 2. mgr. 29. gr. og að aldursviðbótin skuli þá bætast við fjárhæð ellilífeyris. Er þannig gert ráð fyrir að aldursviðbót falli ekki niður hjá viðkomandi þegar hann nær ellilífeyrisaldri, að skilyrðum uppfylltum. Einnig er gert ráð fyrir að þeir sem hafa náð ellilífeyrisaldri samkvæmt gildandi lögum en uppfylltu skilyrði eldri laga til greiðslu aldursviðbótar þar sem þeir hafa verið metnir til a.m.k. 75% örorku fyrir 44 ára aldur fái greidda aldursviðbót. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að aldursviðbót samhliða ellilífeyri greiðist til þeirra sem fyrst uppfylltu skilyrði um endurhæfingarmat eða samþætt sérfræðimat við 44 ára aldur eða síðar. Vert er að árétta að þessi nýi greiðsluflokkur til viðbótar við ellilífeyri á við um aldursviðbótina samkvæmt gildandi lögum eftir breytingar á örorku- og endurhæfingarkerfinu sem tók gildi 1. september 2025. Eldra örorkumat er lagt að jöfnu við samþætt sérfræðimat gagnvart þessum hópi, sbr. 13. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um almannatryggingar. Fjárhæð aldursviðbótar til ellilífeyrisþega fer þannig eftir því hvenær viðkomandi uppfyllti fyrst skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, sbr. 2. mgr. 29. gr. laganna og 13. tölul. ákvæðis til bráðabirgða. Það þýðir að þeir sem eiga engin eða mjög takmörkuð atvinnutengd réttindi í lífeyrissjóði vegna þess að þeir voru ungir metnir til örorku munu áfram njóta stuðnings með viðbótargreiðslu.

Í 1. málsl. 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að aldursviðbótin leggist ofan á fjárhæð ellilífeyris og að samanlögð fjárhæð ellilífeyris og aldursviðbótar lækki um 45% af tekjum lífeyrisþega sem eru umfram frítekjumörk, sbr. 22. gr. laganna. Þessi samsetta fjárhæð lækkar í sama hlutfalli og aðrar greiðslur til lífeyrisþega samkvæmt lögunum. Í 2. málsl. 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að sömu reglur gildi um réttindahlutfall aldursviðbótarinnar eins og gilda um ellilífeyrisgreiðslur og er því í ákvæðinu vísað til þeirra ákvæða í lögum um almannatryggingar sem um það fjalla, sbr. 16. og 18. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að við útreikning á fullum ellilífeyri skuli lífeyrisþegi hafa almennt frítekjumark sem nemi 438.000 kr. á ári. Í samræmi við það sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 er hér lagt til að fyrirnefnd fjárhæð verði hækkuð í 720.000 kr. á ári frá og með 1. janúar 2028, sbr. 12. gr. frumvarps þessa, en í fyrirnefndri stefnuyfirlýsingu kemur fram að hækka skuli almennt frítekjumark lífeyrisþegar í skrefum á kjörtímabilinu, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 28. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að Tryggingastofnun skuli starfrækja þjónustugátt þjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma og til að stuðla að samfelli í þjónustu og greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Hér er lagt til að bætt verði við fyrirnefnt ákvæði að þjónustuaðilar og aðilar sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila skuli miðla upplýsingum um veitta þjónustu inn í þjónustugáttina. Er þetta lagt til þar sem mikilvægt þykir að

ofangreindir aðilar upplýsi um framangreint þannig að Tryggingastofnun sé unnt að hafa nauðsynlega yfirsýn yfir þá þjónustu sem veitt er og geti stuðlað að samfelli í þjónustu og greiðslum.

Lagt er til að þremur nýjum málsgreinum verði bætt við 28. gr. gildandi laga um almannatryggingar. Í nýrri 3. mgr. ákvæðisins er lagt til að kveðið verði á um að Tryggingastofnun skuli starfrækja upplýsingakerfi samhæfingarteyma í þjónustugátt í þeim tilgangi að skipuleggja fyrirtöku og afgreiðslu mála. Enn fremur verði kveðið á um að í upplýsingakerfið skuli skráðar upplýsingar um starfrækslu samhæfingarteyma, svo sem um vísun mála til samhæfingarteyma og ástæðu þess, dagskrá funda, fyrirtöku og niðurstöðu mála auk þess sem kveðið verði á um að skrá skuli samantekt upplýsinga um einstaklinga sem nauðsynlegar eru svo samhæfingarteymin geti komist að niðurstöðu. Gert er ráð fyrir að tekið verði fram að meðal þeirra upplýsinga sem skráðar skulu í upplýsingakerfi samhæfingarteyma séu upplýsingar um heilsufar, félagslegar aðstæður, vinnusögu og þá meðferð og endurhæfingu sem einstaklingar hafa fengið. Enn fremur er gert ráð fyrir að þessar upplýsingar skuli varðveittar í skrám í gagnagrunnum Tryggingastofnunar og gerðar aðgengilegar viðeigandi samhæfingarteymi í upplýsingakerfinu. Þá er lagt til að aðrar upplýsingar skuli þó ekki geymdar í skrám Tryggingastofnunar heldur hjá hlutaðeigandi þjónustuaðila eða aðila sem veitir þjónustu í umboði þjónustuaðila og gerðar aðgengilegar í gegnum þjónustugátt, sbr. 2. mgr. 55. gr. a laganna. Er þetta lagt til m.a. í því skyni að samhæfingarteymi hafi allar þær upplýsingar um einstaklinga sem teymin hafa til umfjöllunar þannig að þau geti tryggt viðkomandi einstaklingsmiðaða þjónustu á hverjum tíma. Lagt er upp með að samantekt nauðsynlegra upplýsinga fyrir teymið sé varðveitt hjá Tryggingastofnun en ítarlegri frumgögn séu áfram hýst hjá viðkomandi þjónustuaðila og aðeins aðgengileg í þjónustugátt. Með þessu er leitast við að tryggja að teymin hafi nauðsynlegar upplýsingar til að sinna hlutverki sínu en án miðlægrar söfnunar á viðkvæmum gögnum.

Lagt er til að í nýrri 4. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að Tryggingastofnun skuli halda skrá á landsvísu með upplýsingum frá þjónustuaðilum og aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila um framvindu viðurkenndrar meðferðar og endurhæfingar einstaklinga óháð því hvort viðkomandi hafi sótt um eða fái greiðslur frá Tryggingastofnun. Tilgangur skrárinnar er að afla þekkingar um þá þjónustu sem veitt er af framangreindum aðilum og árangur þjónustunnar sem nýtt verður til að stuðla að gæðaðróun og leggja grundvöll að gagnadrifinni stefnumótun á sviði endurhæfingar. Munu þessar upplýsingar m.a. gagnast til að stuðla að því að einstaklingar fái almennt rétta endurhæfingarþjónustu, á réttum stað á réttum tíma. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun skuli einnig, í samráði við ráðherra og ráðherra heilbrigðismála, vinna upplýsingar úr skránni til notkunar við áætlanagerð, stefnumótun og önnur verkefni ráðuneytanna.

Lagt er til að í nýrri 4. mgr. ákvæðisins verði Tryggingastofnun heimilt að vinna með persónugreinanleg gögn í fyrirnefndri skrá, þ.m.t. áætlanir og staðfestingar á meðferð og endurhæfingu sem veitt er af þjónustuaðilum eða af aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila. Í 2. mgr. 28. gr. gildandi laga er fjallað um svonefnda „skrá um lýsigögn“ sem Tryggingastofnun heldur utan um með upplýsingum sem fara um þjónustugáttina og tilgreindir þjónustuaðilar geta nýtt til þess að sækja frumgögn. Lýsigögnin halda aðeins utan um upplýsingar um hvar tiltekna upplýsingar er að finna og er þeim eytt eftir að þau hafa verið nýtt. Þau geta því ekki verið grundvöllur tölfræðilegrar úrvinnslu um það hvernig fólk fer í gegnum opinbert endurhæfingarferli, sem iðulega spannar langt tímabil. Af þeirri ástæðu er talin þörf á að setja á laggirnar sérstaka, miðlæga skrá til hliðar við þjónustugáttina þar sem unnið er með tölfræðiupplýsingar. Hér er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun taki að sér að

halda utan um skrána með vísan til þess hlutverks sem stofnunin hefur með höndum og snýr að samstarfi milli þjónustukerfa en sérstaklega er kveðið á um það hlutverk í 55. gr. a gildandi laga. Lögð er áhersla á að tilgangur þessa gagnagrunns verði tölfræðilegur og hann ekki nýttur í þágu eftirlits með einstaklingum. Er því mælt fyrir um að persónuauðkenni í gagnagrunninum verði dulkóðuð. Er sú framkvæmd mótuð eftir því sem gildir um skráarhald á grundvelli 8. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Hvað varðar uppruna upplýsinga í skránni býr Tryggingastofnun yfir gögnum um þá sem sótt hafa um eða eru viðtakendur greiðslna hjá stofnuninni. Á það hefur hins vegar verið bent að stofnunin hefur í einhverjum tilvikum hvorki upplýsingar um þá einstaklinga sem fá endurhæfingarþjónustu en hafa ekki sótt um greiðslur frá stofnuninni né um þá einstaklinga sem hafa ekki verið í þjónustu fleiri en eins aðila. Þar með næst ekki „að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir viðurkenndar meðferðir og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá á hverjum tíma“ eins og segir í 2. málsl. 2. mgr. 28. gr. gildandi laga um þjónustugáttina. Hér er því lagt til að Tryggingastofnun fái það hlutverk að halda framangreinda skrá á landsvísu óháð því hvort hlutaðeigandi hafi sótt um eða fái greiðslur frá Tryggingastofnun. Hér er einkum vísað til nýrra sjúkra- og endurhæfingargreiðslna sem leystu af hólmi endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Tilgangur skrárinnar er að afla þekkingar um þá þjónustu sem veitt er af þjónustuaðilum eða í umboði þeirra, til að tryggja að einstaklingar nái almennt sem bestum árangri og að þjónustuferli séu samþætt og til þess fallin að bæta lífsgjör og lífsgæði einstaklinganna. Í þessu skyni er Tryggingastofnun heimilt að taka á móti persónugreinanlegum gögnum frá þjónustuaðilum eða aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila sem síðan eru dulkóðuð fyrir frekari tölfræðivinnslu. Til að ná markmiðum með lögum nr. 104/2024 um heildstæða yfirsýn, árangursmat og gagnadrifna stefnumótun á sviði endurhæfingar er nauðsynlegt að Tryggingastofnun sé heimilt að taka á móti persónugreinanlegum gögnum. Slík vinnsla er forsenda þess að unnt sé að rekja þjónustuferil einstaklinga yfir tíma og á milli þjónustuaðila, meta samfellu, greina endurkomur og meta árangur einstakra úrræða. Það er lagt til að vinnslan verði takmörkuð við upplýsingar sem nýstast í tölfræðilegum tilgangi og við stefnumótun á sviði endurhæfingar. Persónuauðkenni í gögnunum verða dulkóðuð og vinnslan verður framkvæmd í samræmi við lög um persónuvernd og reglugerð sem ráðherra setur um vinnslu persónuupplýsinga.

Áréttað er að hér er fyrst og fremst um að ræða gögn um áætlanir og staðfestingar á viðurkenndri meðferð og endurhæfingu. Ekki er gert ráð fyrir að læknisvottorðum verði safnað í tölfræðiskrána. Eðli málsins samkvæmt koma ákveðnar viðkvæmar heilbrigðisupplýsingar fram í áætlunum og staðfestingum, þar á meðal ICD- og ICF-flokkun. Þá verður í skránni einnig haldið utan aldur, kyn, búsetu, félagslegar aðstæður og fleiri breytur á grundvelli dulkóðaðra auðkenna.

Tilgangur skrárinnar samræmist tilgangi með þeim skráum á landsvísu sem landlæknir heldur, en vakin er athygli á því að hér er um að ræða endurhæfingarþjónustu í víðum skilningi sem tekur til viðurkenndrar meðferðar og endurhæfingar sem getur verið heilbrigðistengd, starfstengd eða samsett af hvoru tveggja. Ákveðin valkostagreining fór fram um það hvar skránni yrði best fyrir komið. Niðurstaðan úr þeirri greiningu var sú að Tryggingastofnun væri best til þess fallin að vista skrána, enda er stofnunin ábyrgðaraðili þeirrar þjónustugáttar sem fjallað er um í þessari grein.

Þá er gert ráð fyrir að í nýrri 5. mgr. ákvæðisins verði kveðið á um að ráðherra skuli setja reglugerð þar sem fram komi nánari reglur um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Í ljósi þeirrar viðbótar við 28. gr. gildandi laga um almannatryggingar sem hér er gert ráð fyrir að lagt til að við fyrirsögn ákvæðisins bætist tilvísun til þess að ákvæðinu sé ekki eingöngu kveðið á um þjónustugátt heldur jafnframt um vinnslu persónuupplýsinga.

Um 7. gr.

Í 2. mgr. 51. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að Tryggingastofnun og þjónustuaðilar skuli skiptast á upplýsingum að því marki sem þær eru nauðsynlegar við framkvæmd laganna. Hér er gert ráð fyrir að þeim aðilum sem veita þjónustu í umboði þjónustuaðila í skilningi laganna verði bætt við þá aðila sem ber að skiptast á upplýsingum að því marki sem þær eru nauðsynlegar við framkvæmd laganna. Er þetta lagt til þar sem nauðsynlegt þykir að allir þeir aðilar sem eru að veita einstaklingum þjónustu á hverjum tíma láti í té nauðsynlegar upplýsingar þannig að unnt sé að framfylgja ákvæðum laganna.

Um 8. gr.

Í 2. mgr. 54. gr. gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um að þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gildi um stjórn Tryggingastofnunar og þá sem sinna verkefnum fyrir stofnunina en eru ekki starfsmenn hennar. Hér er lagt til að ekki verði lengur vísað í stjórn Tryggingastofnunar í fyrrnefndri 2. mgr. 54. gr. laganna. Er það lagt til í ljósi þeirrar breytingar á lögum um almannatryggingar sem 2. gr. frumvarps þessa gerir ráð fyrir þess efnis að ekki verði lengur skipuð stjórn Tryggingastofnunar.

Um 9. gr.

Í 55. gr. a gildandi laga um almannatryggingar er kveðið á um samstarf Tryggingastofnunar við þjónustuaðila sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu í því skyni að stuðla að samfellu í greiðslum hjá þeim einstaklingum sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis. Hér er lagt til að gerðar verði orðalagsbreytingar á greininni í ljósi þeirrar breytingar á lögum um almannatryggingar sem 1. gr. frumvarps þessa gerir ráð fyrir þess efnis að hugtakið þjónustuaðili verði skýrt og að Tryggingastofnun verði einn þeirra þjónustuaðila sem þar eru taldir upp.

Hér er einnig lagt til að Tryggingastofnun skuli leiða starfsemi samhæfingarteyma. Er þetta lagt til svo skýrt sé að Tryggingastofnun sé sá þjónustuaðili sem haldi utan um skipulag við starfrækslu samhæfingarteymanna, þ.m.t. rekstur upplýsingakerfis skv. 28. gr. laganna.

Í ljósi þeirrar viðbótar við 55. gr. a gildandi laga um almannatryggingar sem hér er gert ráð fyrir að er lagt til að í fyrirsögn ákvæðisins verði vísað til samstarfs þjónustuaðila.

Um 10. gr.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur fram að almennt frítekjumark ellilífeyris verði hækkað í skrefum upp í 60.000 kr. á mánuði, miðað við verðlag í fjárlögum 2025, en slík hækkun samsvarar 720.000 kr. á ári. Gert er ráð fyrir að framangreind fjárhæð verði hækkuð í þremur skrefum á yfirstandandi kjörtímabili með eftirfarandi hætti:

- 2026 hækki frítekjumarkið um 5.000 kr. og verði 41.500 kr. á mánuði.
- 2027 hækki frítekjumarkið um 5.000 kr. og verði 46.500 kr. á mánuði.
- 2028 hækki frítekjumarkið um 13.500 kr. og verði 60.000 kr. á mánuði, sbr. 12. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við framangreint er hér lagt til að við ákvæði til bráðabirgða í gildandi lögum um almannatryggingar verði bætt nýjum tölulíð þar sem kveðið verði á um að þrátt fyrir 1.

másl. 3. mgr. 22. gr. laganna skuli lífeyrisþegi hafa almennt frítekjumark sem nemi 498.000 kr. árið 2026 og 558.000 kr. árið 2027. Jafnframt er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að fjárhæð framangreinds frítekjumarks fyrir árin 2026 og 2027 skuli taka launa- og verðlagsbreytingum í samræmi við fjárlög hverju sinni, sbr. 62. gr. laganna.

Um 11. gr.

Í 2. mgr. 35. gr. gildandi laga um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um að heilsugæslustöðvar skuli, þegar það á við, gera nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar öðrum þjónustuaðilum í gegnum sameiginlega þjónustugátt þjónustukerfa, sbr. 28. gr. laga um almannatryggingar, þ.m.t. þær sem viðkvæmar geta talist, svo sem heilsufarsupplýsingar, og upplýsingar um félagslegar aðstæður þess einstaklings sem í hlut á hverju sinni, í því skyni að heilsugæslustöðvunum sé unnt að gegna skyldum sínum í samstarfi við önnur þjónustukerfi um endurhæfingu einstaklinga. Er framangreind skylda heilsugæslustöðvanna sambærileg við skyldu annarra þjónustuaðila sem skulu miðla upplýsingum í þjónustugáttina samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Hér er lagt til að tvær nýjar málsgreinar komi í stað fyrrnefndrar 2. mgr. 35. gr. laganna þar sem kveðið verði á um að heilbrigðisstofnanir sem veita þjónustu í tengslum við endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis skuli eiga samstarf við aðra þjónustuaðila um samhæfingu þjónustu en með heilbrigðisstofnunum er í þessu samhengi einnig átt við heilsugæslustöðvar. Enn fremur er gert ráð fyrir að framangreindar heilbrigðisstofnanir skuli eiga aðild að samstarfssamningi sem þjónustuaðilum ber að gera um samstarf sín á milli, þar á meðal um starfsemi samhæfingarteyma sem starfa á grundvelli laga um almannatryggingar, sbr. 55. gr. a laganna. Þá er gert ráð fyrir að heilbrigðisstofnanir hafi heimild til að deila upplýsingum og sækja upplýsingar í gegnum þjónustugátt þjónustuaðila sem Tryggingastofnun starfrækir á grundvelli laga um almannatryggingar, sbr. 28. gr. laganna.

Um 12. gr.

Hér er lagt til að verði frumvarpið að lögum skuli lögin taka gildi 1. janúar 2026. Þrátt fyrir framangreint er gert ráð fyrir að 5. gr. frumvarpsins um hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris taki gildi 1. janúar 2028, verði frumvarpið að lögum, þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almennt frítekjumark ellilífeyris hækki í þremur áföngum á yfirstandandi kjörtímabili, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í 2. másl. 1. mgr. 5. gr. gildandi laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða er kveðið á um að greiðsluþegi skuli hafa 36.500 kr. almennt frítekjumark á mánuði vegna annarra tekna en bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Hér er lagt til að í stað framangreinds verði í umræddu ákvæði kveðið á um að greiðsluþegi skuli hafa almennt frítekjumark ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar. Er þetta lagt til í því skyni að tryggja að almennt frítekjumark samkvæmt lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða fylgi almennu frítekjumarki ellilífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar.